

Vistheimilið Sólborg

Afhending 2019/72

Vistheimilið Sólborg var stofnað af Styrktarfélagi vangefinna á Norðurlandi. Árið 1967 var hafist handa við bygginguna og var vistheimilið tekið í notkun árið 1970.

Fljótlega kom þó í ljós að upprunalega byggingin hafði ekki nægilegt rými til að hýsa alla þá sem þurftu á þjónustu heimilisins að halda og árið 1975 keypti heimilið húsnæði að Oddeyrargötu 32 þar sem um 10 vistmanna heimilisins dvöldu að jafnaði. Þetta varð fyrsta sambýlið á Íslandi.

Til að byrja með var reksturinn styrktur af ríkinu og sveitarfélögum á Norðurlandi en árið 1984 tók félagsmálaráðuneytið við eignarhaldi á Sólborg en daglegur rekstur var í höndum Svæðisskrifstofu fatlaðra á Norðurlandi.

Árið 1984 var byrjað að huga að byggingu sundlaugar við Sólborg. Fjármagn fyrir sundlaugarbyggingunni fékkst að mestu leyti fyrir gjafafé, meðal annars frá Lionsklúbbum og starfsmannafélagi Sólborgar.

Árið 1991 fluttu 14 vistmenn af Sólborg á sambýli. Vismönnum fækkaði jafnt og þétt, þar til síðustu vistmennirnir fluttu í janúar 1996. Það sama ár var Vistheimilið Sólborg lagt niður.

Afhendingin barst frá Bjarna Kristjánssyni og Svanfríði Larsen. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2003/45 og 2019/1.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
21. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
		Vistheimilið Sólborg	2019 / 72
		A-Vistheimilið Sólborg	
		AA-Fundargerðir stjórnar vistheimilisins	1973 - 1984
2019 - AA / 2	1	1973- 1984	Bréf og fundargögn heimilisins.